

15. október 2014

Til nefndasviðs Alþingis.

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi nefndasvið Alþingis, dags. 26. september 2014, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar á þingsályktunartillögu um bráðaaðgerðir í byggðamálum, 19. mál. Landgræðslan gerir engar efnislegar athugasemdir við tillöguna eins og hún liggur fyrir, en vill þó benda á eftirfandi.

Landgræðslan hefur lokið við gerð svokallaðra héraðaáætlana, en það er skrár yfir rofsvæði um allt land þar sem landbóta er þörf. Um er að ræða 325 svæði sem alls eru talin 1,2 millj. ha að flatarmáli og er þessi skrá þó ekki tæmandi. Svæðin, sem eru flest neðan 500 m hæðarlínu og mörg hver á láglandi og jafnvel í byggð, hafa verið flokkuð eftir alvarleika rofs, aðgengi, yfirborði, hæð og eignarhaldi og þeim hefur verið forgangsraðað í svæði þar sem mjög brýnt er að hefja uppgræðsluaðgerðir, þar sem slíkt er brýnt og þar sem það er ekki eins brýnt. Í héraðaáætlunum Landgræðslunnar eru 126 svæði, um 370 þús. ha að flatarmáli þar sem talið er mjög brýnt að hefja aðgerðir, 114 svæði, um 250 þús. ha að flatarmáli þar sem talið er brýnt að hefja uppgræðsluaðgerðir og 85 svæði, um 600 þús. ha þar þörfin er e.t.v. ekki eins brýn og á hinum. Í þessu eru faldir verulegir atvinnumöguleikar um allt land, en eðli málsins samkvæmt fremur í dreifbýli en þéttbýli. Ef ákvarðanir eru teknar fljótlega er ekkert því til fyrirstöðu að hefjast handa strax næsta vor, en uppgræðsluaðgerðir standa að öllu jöfnu yfir í 2-3 mánuði, þ.e. frá seinnihluta apríl og fram undir miðjan júlí, breytilegt eftir landshlutum, landgerð, hæð yfir sjó o.s.frv. Jarðvegsrof og gróðureyðing er án efa eitt mesta umhverfisvandamál Íslendinga og af atvinnuátaki í landgræðslu yrði margháttaður ávinningur. Slíkt átak myndi skapa verulega atvinnu, sérstaklega á landsbyggðinni, komið yrði í veg fyrir áframhaldandi rof og jarðvegs- og gróðureyðingu með endurheimt laskaðra eða jafnvel glataðra vistkerfa og síðast en ekki síst gæti orðið verulegur ávinningur af slíku verkefni í formi kolefnisbindingar, en reiknað er með að hver hektari sem græddur er upp með landgræðslu bindi um 2,5 tonn af CO<sub>2</sub> árlega.

Landgræðslan mun fúslega útfæra þessar hugmyndir nánar verði eftir því óskað.

Með kveðju,  
Guðmundur Stefánsson,  
sviðsstjóri landverndarsviðs  
Landgræðsla ríkisins